

Greinargerð

Um framkomnar athugasemdir um kynningu á tillögu að friðlýsingu Geysissvæðisins í Haukadal

Tillaga að friðlýsingu Geysissvæðisins í Haukadal sem náttúruvættis í samræmi við 48. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd var auglýst þann 20. janúar 2020. Geysir í Haukadal var skráður á náttúruverndaráætlun 2004-2008. Frestur til að senda inn athugasemdir og ábendingar var til 23. apríl 2020. Tillagan var birt á heimasíðu og facebook síðu Umhverfisstofnunar og send öllum samráðs- og hagsmunaaðilum þar sem fram kom hvar tillöguna væri að finna og hvernig hægt væri að koma athugasemdum og ábendingum á framfæri. Sérstaklega var óskað eftir umsögnum fagstofnana sem ekki áttu sæti í samstarfshópnum.

Alls bárust erindi frá níu aðilum á kynningartíma; Bláskógabyggð, Landgræðslunni, Landvernd, Náttúruverndarsamtökum Suðurlands (NSS), Náttúrufræðistofnun Íslands, stjórn Neðri-Dals ehf, Sigurði Greipssyni, Skógræktinni og Vegagerðinni. Samstarfshópur hefur tekið afstöðu til erindanna í samræmi við greinargerð hér á eftir.

Mörk svæðisins

Í umsögn Skógræktarinnar, dags. 22. apríl 2020, mótmælir Skógræktin því að það svæði sem skilgreint er sem svæði I – skógræktarsvæði sé innan friðlýsts hluta jarðarinnar Laugar í Biskupstungum á þeim forsendum að rannsóknar- og ræktunarstarf sem þar fer fram falli ekki undir markmið friðlýsingarinnar né sé friðlýsing nauðsynleg til að tryggja fræðslu- og vísindagildi svæðisins. Skógræktin bendir einnig á að skv. 4 gr. mun Umhverfisstofnun hafa umsjón og eftirlit með friðlýsta svæðinu á meðan Skógræktin mun hafa daglega umsjón og umhirðu með svæði I. Það er mat Skógræktarinnar að með því að undanskilja svæði I verði komist hjá óþarfa flækjustigi með aðkomu margra stofnana að náttúruvættinu, sérstaklega í ljósi þess að svæði I er þegar undanskilið nokkrum ákvæðum friðlýsingarinnar. Skógræktin leggur því til að mörk hins friðlýsta svæðis verði endurskoðuð og að ný lína verði dregin við svæði I og það undanskilið frá náttúruvættinu.

Í umsögn Vegagerðarinnar, dags. 12. febrúar 2020, gerir Vegagerðin ekki athugasemdir við tillöguna en mælir með því að svæðið verði afmarkað við veghelgunarsvæði en veghelgunarsvæði er það svæði þar sem skylt er að fá leyfi Vegagerðarinnar fyrir hverskyns mannvirkjum.

Í umsögn sinni, dags. 7. apríl 2020, lýsir stjórn Neðri-Dals ehf. yfir vonbrigðum yfir því að votlendi jarðarinnar Laugar skuli ekki falla undir friðlýsinguna þar sem það sé einstakt á landsvísu og mikilvægt sé að gætt sé vel að verndun votlendis eins og kostur er, sér í lagi á þeim svæðum sem eru lítt röskuð eins og tilfellið er í landi Laugar.

Í umsögn Sigurðar Greipssonar, dags. 13. apríl 2020, kemur fram að hann telur að kortið sýni að friðlýsingin eigi að ná út fyrir land Laugar og er því mótmælt. Í umsögninni kemur fram að Laugá sé á landamerkjum Laugar og Haukadalstorfunnar en að markalínan nái norðvestur yfir Laugá vestan við Kirkjuholt.

Viðbrögð við athugasemdum

Hvað varðar athugasemd Skógræktarinnar bendir Umhverfisstofnun á að áhersla er lögð á að friðlýsa jörðina í heild sinni að hálfu umhverfis- og auðlindaráðuneytis í samráði við fjármála- og efnahagsráðuneyti. Í tillögu

að auglýsingu er svæðið sérstaklega merkt sem skógræktarsvæði og ákvæði auglýsingarinnar hamla ekki óbreyttri nýtingu svæðisins. Í tillögu að friðlýsingu svæðisins er mörkunum ekki breytt til samræmis við athugasemdir Skógræktarinnar.

Hvað varðar athugasemdir Vegagerðarinnar um að mörk svæðisins verði afmörkuð við veghelgunarsvæði hafa mörkin verið færð í tillögu að friðlýsingunni þannig að þau fylgja girðingu á mörkum Geysissvæðisins þar sem hennar nýtur við. Á öðrum svæðum er lagt til að mörkin verði dregin 5 m frá vegbrún. Til að koma til móts við ábendingar Vegagerðarinnar var bætt inn ákvæði í 11. gr. um landnotkun og mannvirkjagerð „Viðhald og þjónusta við vegi á svæðinu er heimil án þess að leita þurfi leyfis Umhverfisstofnunar svo fremi sem framkvæmdir hafi ekki áhrif á verndargildi svæðisins.“

Hvað varðar athugasemdir um verndun votlendis innan jarðarinnar Laugar tekur Umhverfisstofnun undir mikilvægi þess að vernda votlendi, sér í lagi þau óröskuðu. Að þessu sinni var ákveðið að vinna fyrst að undirbúningi friðlýsingar Geysissvæðisins og þeim hluta lands Laugar sem er ofan vegar, enda ólíkt verndargildi á því svæði og votlandinu. Vilji ríkisins sem landeiganda stendur til þess að friðlýsa votlendið en nauðsynlegt er að vanda vel samþættingu mismunandi nýtingaráætlana fyrir svæðið. Verndargildi votlendisins er ótvírætt og er svæðið t.a.m. skráð á tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár.

Varðandi umsögn Sigurðar Greipssonar um að mörk jarðarinnar Laugar séu rangt dregin hefur Umhverfisstofnun fengið slíkt hið sama staðfest hjá Ríkiseignum sem hafa umsjón með jörðum í eigu ríkisins og eigendum Helludals. Mörkunum hefur því verið breytt til samræmis við athugasemdir Sigurðar.

Svæðaskipting

Í athugasemdum NSS, dags. 20. apríl 2020, kemur fram að NSS telur ástæðu til að árétta í auglýsingunni lykilþætti er varða náttúruvernd sem þurfa að koma fram í samningum um lóðarleigu til framtíðar og vísa til stjórnunar- og verndaráætlunar hvað frekari útfærslu snertir.

Viðbrögð við athugasemdum

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er venja að fjalla um innihald samninga tengdum friðlýsingum með þeim hætti sem vísað er til í athugasemdinni. Umhverfisstofnun mun koma ábendingunni til þeirra aðila sem sjá um samningagerð vegna lóðaleigu innan náttúruvættisins sé tilefni til.

Samstarfsnefnd

NSS bendir á í athugasemdum sínum, dags. 20. apríl 2020, að ekki væri úr vegi að bæta við fulltrúa náttúruverndarsamtaka annars vegar og ferðapjónustu hins vegar í samstarfsnefnd um friðlýsta svæðið.

Viðbrögð við athugasemdum

Ekki er kveðið á um samsetningu samstarfsnefnda um friðlýst svæði í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 en almennt eiga fulltrúar sveitarfélaga og landeigenda sæti í fyrrgreindum nefndum. Gert er ráð fyrir virku samráði við hagsmunaaðila, þ.m.t. félagasamtök og ferðapjónustuna, við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar þar sem stefna er mótuð fyrir svæðið. Slíkar áætlanir eru uppfærðar reglulega og því gefst umræddum aðilum ríkt tækifæri til að koma að stefnumótun svæðisins. Þá ber einnig að geta þess að fyrir sveitarfélagið Bláskógabyggð sem á fulltrúa í samstarfsnefnd er starfandi ferðamálafulltrúi.

Verndun jarðminja

Í umsögn NSS, dags. 20. apríl 2020, er bent á að ákvæði 6. gr. hvað varðar hverahrúður varði einnig öryggi gesta og er lagt til að þess verði getið í textanum. Í sömu grein er fjallað um brauðbakstur og telur NSS ástæðu til að skilgreina þá hefð eða vísa til stjórnunar- og verndaráætlunar hvað varðar frekari útlitun.

NSS bendir einnig á að varðandi ákvæði um að Umhverfisstofnun sé heimilt að stjórna afrennsli hvera í verndarskyni að því gefnu að framkvæmdir hafi ekki áhrif á hverri verndarsvæðisins telja samtökin að Náttúrufræðistofnun Íslands ætti að vera með í ráðum varðandi mat á líklegum áhrifum á hverina.

Viðbrögð við athugasemdum

Hvað varðar ábendingar NSS um að ákvæði 6. gr. varði einnig öryggi gesta tekur Umhverfisstofnun undir það og hefur breytt greininni til samræmis. Einnig hefur verið bætt inn ákvæði þess efnis að fjalla skuli um brauðbakstur í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið.

Hvað varðar ábendingu um að stjórnun á afrennsli hvera hefur verið bætt inn ákvæði um að nánar skuli fjalla um efnið í stjórnunar- og verndaráætlun. Þar væri mótað verklag þar sem öllum samráðsaðilum gefst kostur á að koma að mótun þess, þ.m.t. Ní auk fleiri aðila sem hafa yfirgripsmikla þekkingu á svæðinu.

Verndun gróðurs og dýralífs

Í umsögn sinni, dags. 13. apríl 2020, bendir Sigurður Greipsson á að rússnesku lerki hafi verið plantað á Laugaheiðina og að sá skógur sé ekki merktur á kort. Sigurður telur að þessi skógur sé einstaklega ljótur og best að höggva hann allan burt og leyfa heiðargróðrinum að vaxa í friði. Sigurður bendir einnig á að friðlýsingin nær yfir s.k. fremri tún í Haukadal þar sem Volgumýri er sem hefur forna engjagarða. Þar er nú búið að planta grenitjám. Sigurður leggur til að þessi tré verði höggvin og hreinsuð burt til að garðarnir sjáist betur. Einnig bendir hann á að nauðsynlegt væri að endurheimta Volgumýri til að mýrargróður vaxi þar á ný.

Náttúrufræðistofnun bendir á í umsögn sinni, dags. 28. apríl 2020, að brönugrös og friggjargras sem vísað er til í 1. gr. friðlýsingarskilmála séu ekki skráðar á valista né á lista yfir tegundir sem ber að vernda samkvæmt Bernarsamningnum.

Í umsögn sinni, dags. 20. apríl 2020, gera NSS athugasemd við að skógræktarsvæði og tjaldsvæði sé undanskilið ákvæðum 7. gr. hvað varðar framandi plöntutegundir. NSS benda á að „Landnýting á svæðum I og II má ekki verða til skaða fyrir hjarta hins friðlýsta svæðis, t.a.m. vegna ágengra, innfluttra tegunda. Standi hugur til þess að eyða plöntutegundum á borð við alaskalúpínu, eða í það minnsta halda í skefjum, er nauðsynlegt að horfa til svæðisins í heild, eigi von að vera um árangur. Enda er ræktun erlendra tegunda almennt óheimil á friðlýstum svæðum skv. reglugerð nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda, sem vísað er til í auglýsingartillögunni. Þá telja NSS einnig ástæðu til að huga að vali á trjátegundum á svæðinu til framtíðar og telja að fremur ætti að leggja áherslu á íslenskar, upprunalegri tegundir í staða aspa.

NSS bendir einnig á að skv. 1. mgr. 7. gr. er óheimilt að skerða plöntur á nokkurn hátt innan náttúruvættisins, að undanskildum framandi tegundum og að það eigi strangt til tekið þá ekki við gróður eða mosa á eða við göngustíga innan svæðisins. NSS bendir á að taka þarf afstöðu til þess, þ.e. hvort að svo skuli vera eða hvort leyfa skuli undantekningu á reglunni til slíks.

Viðbrögð við athugasemdum

Hvað varðar ábendingu Sigurðar Greipssonar um skóg á Laugaheiði og í Volgumýri bendir Umhverfisstofnun á að óheimilt er að rækta framandi tegundir innan svæðisins að undanskildum svæðum I og II. Í stjórnunar- og verndaráætlun verður gerð áætlun er varðar framandi tegundir á svæðinu.

Hvað varðar ábendingar Náttúrufræðistofnunar Íslands hefur 1. gr. tillögu að auglýsingu verið breytt til samræmis við ábendinguna.

Hvað varðar ábendingu NSS um að ákvæði 1., 2. og 3. mgr. 7. gr. eigi ekki við svæði I og II bendir Umhverfisstofnun á að á því svæði sem skilgreint hefur verið sem skógræktarsvæði fer fram rannsóknar- og ræktunarstarf í samræmi við samning þar um og því ekki raunhæft að fyrrgreindar málsgreinar eigi við um svæðið. Hvað varðar svæði II er þar rekið tjaldsvæði samkvæmt samningi þar um. Umhverfisstofnun bendir á að plöntur í kringum tjaldsvæði gegnir fyrst og fremst því hlutverki að mynda skjól. Nánar verður fjallað um tegundanotkun skjólgróðurs í stjórnunar- og verndaráætlun.

Landnotkun og mannvirkjagerð

Í athugasemd, dags. 20. apríl 2020, benda NSS á varðandi ákvæði um að framkvæmdir kunni að vera háðar mati á umhverfisáhrifum að áætlanir eru metnar samkvæmt lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana, en framkvæmdir skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og telja að textinn þarfnist lagfæringa.

NSS fjalla einnig um hálkuvarnir og benda á að framkvæmd þeirra þurfi að ígrunda vel og benda á að aðfluttur sandur er ekki heppilegur á jarðminjasvæðinu og mikið magn salts mögulega ekki heldur. Samtökin leggja til að horft verði til þess sem langtímamarkmiðs að leggja hita í göngustíga, sem auk náttúruverndarsjónarmiða vegna aðfluttra efna myndi auka mjög á öryggi gesta að vetrarlagi og vísa til tillögu Landmótunar um skipulag og hönnun á Geysissvæðinu frá 2014.

Viðbrögð við athugasemdum

Hvað varðar ábendingu NSS varðandi 11. gr. hefur greininni verið breytt til samræmis. Hvað varðar hálkuvarnir bendir Umhverfisstofnun á að í hönnun svæðisins og efnisvali er lögð áhersla á að sem minnst þörf sé fyrir notkun aðfluttra hálkuvarnaefna á svæðinu. Hálkuvarnir eru hluti af daglegum rekstri svæðisins og á sú umfjöllun fremur við í stjórnunar- og verndaráætlun heldur en í auglýsingu um friðlýsingu.

Rannsóknir og vöktun

Í umsögn, dags. 20. apríl 2020, gera NSS athugasemd við að ekki sé ákvæði í grein um rannsóknir og vöktun sem vísar til þess að rannsóknir og vöktun skulu vera í samræmi við auglýsingu, skipulag svæðisins og stjórnunar- og verndaráætlun.

Viðbrögð við athugasemdum

Umhverfisstofnun bendir á að ekki sé raunhæft að verða við þeim athugasemdum sem gerðar eru varðandi rannsóknir og vöktun. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur það lögbundna hlutverk að gera vöktunaráætlanir, m.a. fyrir friðlýst svæði. Þegar vöktunaráætlun fyrir Geysissvæðið liggur fyrir verður hún hluti af stjórnunar- og verndaráætlun. Ekki er fjallað um rannsóknir og vöktun í skipulagi svæðisins og nauðsynlegt er að hafa

svigrúm til að unnt sé að stunda önnur rannsóknarverkefni sem ekki eru talin hafa neikvæð áhrif á verndar-gildi svæðisins án þess að um þær sé formlega fjallað í skipulagi eða stjórnunar- og verndaráætlun. Mikill fjöldi dæma eru um að veitt hafi verið leyfi fyrir ýmsum rannsóknum á svæðinu sem hafið aukið þekkingu á virkni og eðli svæðisins.

Samráð

Í umsögn, dags. 7. apríl 2020, kemur fram að stjórn Neðri-Dals ehf telur mikilvægt að fullt samráð verði haft við eigendur Neðri-Dals ef framkvæmdir á Geysissvæðinu eru taldar hafa í för með sér truflanir út fyrir verndarsvæðið eða á geti á annan hátt skaðað nýtingarmöguleika aðliggjandi lands.

Viðbrögð við athugasemdum

Umhverfisstofnun tekur undir ábendingu stjórnar Neðri-Dals ehf og bendir jafnframt á að um framkvæmdir á svæðinu verður mótuð stefna í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið. Þær áætlanir eru kynntar í opnu kynningarferli og gefst þar öllum aðilum tækifæri til að koma að stefnumótun fyrir svæðið.

Tjaldsvæði

Sigurður Greipsson bendir á í umsögn sinni, dags. 13. apríl 2020, að hann telji að best væri að loka tjaldsvæðinu í Laugartúni þar sem mörg önnur tjaldsvæði er að finna í sveitinni. Hann telur að tjaldsvæði í Laugar-túni auki traðkið á Geysissvæðinu.

Viðbrögð Umhverfisstofnunar

Varðandi tjaldsvæði á svæðinu bendir Umhverfisstofnun á að gerður hefur verið leigusamningur um landið til 2056 og hann heldur gildi sínu að óbreyttu. Þá bendir Umhverfisstofnun jafnframt á að á tjaldsvæðinu er salerni sem er opið allan sólarhringinn og þjónar það gestum svæðisins auk tjaldgesta.

Aðrar ábendingar og athugasemdir

Landgræðslan gerir í umsögn sinni, dags. 21. apríl 2020, ekki athugasemdir til tillögu að friðlýsingu Geysis-svæðisins og lýsir sig reiðubúna til að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf um þá þætti sem að verksviði hennar snúa, um jarðvegs- og gróðurvernd, uppgræðslu, endurheimt votlendir og sjálfbæra nýtingu lands sé þess óskað.

Stjórn Landverndar fagnar tillögu að friðlýsingu Geysis í Bláskógabyggð sem náttúruvættis í umsögn sinni dags. 21. apríl 2020. Stjórnin bendir jafnframt á umsögn Náttúruverndarsamtaka Suðurlands og tekur undir það sem þar kemur fram, sérstaklega varðandi fjölda fulltrúa í samstarfsnefnd og um aðgát vegna ágengra tegunda.

Sigurður Greipsson bendir á í umsögn sinni, dags. 13. apríl 2020, að Volgamýri sé upp með Beiná en ekki Laugá eins og sýnt er á korti. Einnig bendir Sigurður á að ekki kemur fram um hvað eigi að gera við eyðibæinn Laug sem er í dag eins og drasl hrúga og furðar sig á að ekki hafi verið hreinsað til þar fyrr.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar bókaði á fundi sínum þann 23. janúar 2020 að „Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við friðlýsingaráformin og fagnar því að verkefnið skuli vera komið í þennan farveg.“

Þá var einnig bent á innsláttarvillur sem hafa verið lagfærðar.

Viðbrögð við athugasemdum

Hvað varðar ábendingu um gamla bæinn á Laug mun Umhverfisstofnun áframsenda ábendinguna til Minjastofnunar Íslands sem annast umsjón fornminja.

Mývatnssveit, 9. júní 2020

/UST202002-348

Hildur Vésteinsdóttir